

# Skólaráð

5. desember 2022

Mættir: Sigrún Erla Ólafsdóttir deildarstjóri, Sigrún Bjarnadóttir skólastjóri, Daðey Arnborg Sigþórsdóttir kennari (og foreldri) í Digranesi, Malla Rós Valgerðardóttir námsráðgjafi Hjalla, Embla Ísól Ívarsdóttir nemandi í 9. bekk, Tómas Eggertsson nemandi í 10. bekk, Ágústa M. Jónsdóttir ritari  
Fjarverandi: Elísabet Stefánsdóttir grenndarfulltrúi, Sigríður Hrund Guðmundsdóttir foreldrafulltrúi, Guðrún Emilía Kolbeinsdóttir foreldrafulltrúi

1. Mat á skólastarfi. Sigrún Erla fer yfir helstu niðurstöður 2019-2022 og áætlaðar umbætur 2022-2025.
  - a. Almenn ánægja með faglega forystu skólans meðal foreldra og starfsmanna - Ánægja starfsmanna er á uppleið þó enn megi gera betur.
  - b. Starfsmenn vinna starf sitt af hugsjón og ástríðu og birtast áherslur skólans í skólastarfi í framsæknum þróunarverkefnum.
  - c. Áfram þarf að vinna að því að efla samstarf heimilis og skóla.
  - d. Starfsfólk upplifir almennt góðan starfsanda og vellíðan á vinnustað. Áriðandi er að veita starfsfólki stuðning og sinna því af alúð.
  - e. Einelti meðal nemenda fer minnkandi en vaxandi áhyggjur eru af aukinni áhættuhegðun, sykur og orkudrykkjanotkun og of litlum svefni.
  - f. Nemendalýðræði er virkt í skólanum. Nemendur vilja þó að rödd þeirra heyrir enn hærra og sjá fleiri hugmyndir sínar verða að veruleika.
2. Skóladagatal. Sigrún skólastjóri fer yfir drög af skóladagatali 2023-2024.
3. Önnur mál
  - a. Næsta skólaár.
  - b. Morgunfundirnir. Góðir fundir og vel mætt. Á yngsta stigi var rætt um aukningu á ofbeldi og hömluleysi meðal nemenda á yngsta stigi. Stjórnendur eru þegar farnir af stað í umræðu um lausnir og næstu skref hvað þetta varðar. Á eldra stigi var rætt um neikvæð áhrif áhrif samfélagsmiðla á samskipt, nám og líðan, mikilvægi fingrasetningu, vöntun á frekara leiðsagnarmati, áskoranir varðandi birtingamynd námsmats í Mentor o.fl.
  - c. Nemendafulltrúar vilja ítreka að þeir vilja alls ekki að Álfhólsskóli verði símalaus skóli. Það þurfi frekar að fylgja því eftir að nemendur fylgi reglum um snjalltæki. Hugmyndir um að láta foreldra skrifa undir að það megi taka símann af nemendum ef þeir brjóta reglur um símanotkun.
  - d. Vantar afþreyingu fyrir nemendur í frímínútum. Nemendaráð gerir lista með hugmyndum af efni til að kaupa til afþreyingar á þar næsta fundi.

Fundi slitið kl. 09:20